

á víðavangi

Ávarp um náttúruvernd

Á aðalfundi Náttúruverndarsamtaka Austurlands var samþykkt ávarp sem á erindi við alla þjóðina. Ávarpið fjallar að sjálfsögðu fyrst og fremst um viðfangsefni í náttúruvernd á Austurlandi, en mörg atriði þess fela í sér almenna stefnuyfirlýsingu sem full ástæða er að gefa gaum hvarvetna í landinu.

Ávarpið er á þessa leið:

„Aðalfundur NAUST 1977 vekur athygli á miklu gildi íslenzkra öræfa og óbyggða fyrir þjóðina til útivistar og ferðalaga til viðbótar við hefðbundin not til beitar og veiði og aðra hagnýtingu, ekki sízt í sambandi við orkuframleiðslu.

Stóraukin og fjölþætt not af hálendi landsins og sívaxandi umferð um það á vélknúnum tækjum kalla á skipulegar aðgerðir til verndar viðkvæmri náttúru þess og landslagi.

NAUST þakkar ágætt starf áhugamanna í ferðafélögum og öðrum frjálsum samtökum til stuðnings við útivist og náttúruvernd í óbyggðum og framlag opinberra stofnana svo sem Landgræðslunnar og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til gróðurverndar. Sérstök ástæða er til að minnast aðgerða Náttúruverndarráðs. Ferðamálaráðs og ferðafélaga hin síðustu ár til að vernda fjölsóttar ferðaslóðir. Aðalfundur NAUST lýsir yfir stuðningi við megintillögur umhverfisverndar Ferðamálaráðs um frekari úrbætur eins og þær birtast í nýlegri skýrslu um ferðamál í óbyggðum.

Aðalfundur NAUST telur, að til viðbótar þeim skrefum, sem stigin hafa verið, sé æskilegt að Alþingi setji sem fyrst rammalöggjöf um verndun og skipulagsskyldu óbyggðra svæða, og þá ekki síst á hálendi ofan tiltekinna marka. Jafnframt verði valin úr og friðlýst að náttúruverndarlögum verðmætustu svæðin með tilliti til jarðmyndana og lífríkis, eins og þegar er byrjað á.

Liður í skipulagi í óbyggðum þarf ekki síst að verða stefnumörkun fram í tímann um nauðsynlegt vegakerfi, akvegi og slóðir, og að slíkar umferðarleiðir verði greinilega merktar og haldið við með skipulegum hætti hliðstætt vegakerfi í byggðum. Óheimilt verði að aka utan slíkra merktra slóða að nauðsynjalausu. Þá telur fundurinn það æskilegt markmið að halda nokkrum stórum svæðum veglausum með öllu og varast beri að leggja akvegi inn á viðkvæm gróðurlendi til fjalla og koma upp dvalarstöðu á litlum gróðurvinjum.

Fundurinn hvetur til að greitt verði fyrir gönguferðum um óbyggðir með leiðbeiningum og öryggisbúnaði, svo sem með því að koma upp skálum af hæfilegri stærð við gönguleiðir og göngubrúm yfir viðsjárverð vatnsföll. NAUST þakkar Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands fyrir frumkvæði að útgáfu korta um gönguleiðir austanlands og væntir framhalds á slíkri útgáfu.

Hófleg nýting afrétta til beitar er mál, sem varðar þjóðina alla og aðalfundur NAUST hvetur eindregið til að tekin verði upp ítala sem víðast í afréttarlönd í samræmi við niðurstöðu rannsókna á beitarþoli og ástandi gróðurlendis á einstökum afréttum.

Vegna hugmynda um stórfelld orkumannvirki og vatnsmiðlanir í þeirra þágu á hálendinu, m.a. norðan Vatnajökuls, hvetur fundurinn til alhliða skoðunar á afleiðingum slíkra framkvæmda áður lengra er komið undirbúningi, bæði að því er varðar orkuframleiðslu og áformaða orkunotkun, og þeir kostir verði látnir sitja fyrir, er minnstri röskun valdi á náttúru landsins og félagslegu umhverfi."

JS

Erfiðleikarnir ekki bundnir við einstaka landshluta

Fundur framkvæmdastjóra fiskvinnslustöðva á Austurlandi, haldinn í Valaskjálf fimmtudaginn 1. september 1977, ályktar eftirfarandi:

Rekstrarerfiðleikar þeir, sem rætt hefur verið um að undanförnu hjá frystihúsum á Suðvesturlandi, eru að mati fundarins ekki bundnir við einstaka landshluta, heldur eiga við um allt land. Rekstrarerfiðleikar þessir steðja heldur ekki einungis að frystiiðnaðinum heldur ekki síður að saltfisk- og skreiðarverkun í landinu.

Vandi þessi er einkum tvíþættur.

Í fyrsta lagi er um að ræða augljósan rekstrarhalla, þar sem allur rekstrarkostnaður hefur hækkað til muna meir en nettóskilaverð afurða í íslenzkri mynt, en í öðru lagi er um að ræða mjög mikinn rekstrarfjárskort. Væntanlega dylst engum, að meginorsök þessa tvíþætta vanda er sú mikla verðbólga sem er í landinu og veldur því að þrátt fyrir hagstæðustu markaðsskilyrði er ástandið slíkt sem raun ber vitni.

Greinilegt er af skrifum ýmissa blaða undanfarið, að vanrækt hefur verið að kynna nægilegahag fyrirtækja í sjávarútvegi og þýðingu þeirra fyrir útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Samtök sjávarútvegsins verða sem fyrst að gera átak í þessum efnum.

Þessi undirstöðuatvinnuvegur verður að geta greitt sínu fólki góð laun og þróazt á eðlilegan hátt, en slíkt hefur ekki verið hægt undanfarið, hvað þá nú.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, eru ýmis fiskvinnslufyrirtæki stöðvuð eða að stöðvast. Á Austurlandi eru nú öll fiskvinnslufyrirtæki rekin með tapi. Skuldasöfnun er gífurleg og í raun ekki hægt að halda rekstri áfram lengur á eðlilegan hátt.

Undirstaða alls atvinnulífs á Austurlandi er sjávarútvegur og því er reynt að halda fyrirtækjunum gangandi eins lengi og hægt er. Það er nú gert með því að nota fé annarra í reksturinn, með því að safna lausaskuldum.

Þeir menn sem sinna stjórnunarstörfum, eyða nú tíma sínum í að slá lán fyrir næstu útborgun, eða að svara innheimtumönnum.

Svona ástand er óviðunandi með öllu og veldur stórtjóni á margvíslegan hátt. Ráðamenn þjóðarinnar virðast enn ekki líta rekstrarafkomu fiskvinnslustöðva nógu alvarlegum augum. Nægileg gögn liggja þó nú þegar fyrir, til þess að hægt sé að taka á málinu.

Eftirtaldir aðilar vilja nú taka undir með öðrum fulltrúum fiskvinnslufyrirtækja og ítreka nauðsyn skjótra ráðstafana til þess að tryggja áframhaldandi rekstur fiskvinnslufyrirtækja. Í húfi er atvinna fjölda fólks sem vinnur við fiskvinnslu og raunar fleiri, þar sem ekki er nóg að eyða gjaldeyri, það þarf að afla hans líka.

Eftirtaldir menn voru kosnir í nefnd til þess að vinna að hagsmunum fiskvinnslustöðva á Austurlandi í þessum málum: Aðalsteinn Jónsson, Eskifirði, Hallgrímur Jónasson, Reyðarfirði, og Gísli Jónatansson, Fáskrúðsfirði.

Eftirtalin fyrirtæki áttu framkvæmdastjóra á fundinum: Hraðfrystihús Eskifjarðar, Eskifirði, Fiskvinnslan hf., Seyðisfirði, Norðursíld hf., Seyðisfirði, Síldarvinnslan hf., Neskaupstað, Fiskverkun G.S.R., Reyðarfirði, Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf., Stöðvarfirði, Kaupfélag A-Skaftfellinga, Höfn, Tangi hf. Fiskvinnsla, Vopnafirði, Hraðfrystihús Breiðdælinga hf, Breiðdalsvík, Kaupfélag Héraðsbúa, Reyðarfirði, Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar hf., Fáskrúðsfirði.

Auglýsið í Tímanum

Alcopley sýnir að Kjarvalsstöðum:

Gneistandi sýning atorku-manns


SJ-Reykjavík. Í gær hittum við vísinda- og listamanninn Alcopley niðri í kjallara Kjarvalsstaða, þar sem hann var önnum kafinn að mála 25 metra langt myndverk, sem skreyta mun framhlið sýningarhússins meðan sýning hans stendur þar 10.-25. september næstkomandi.

Aðalsteinn Ingólfsson framkvæmdastjóri Listráðs Kjarvalsstaða spurði Alcopley þess, hvort hann hefði ekki hug á að gera stórt verk í þessum tilgangi í sama dúr og fingerðar táknmyndir hans, sem verða ásamt um 300 verkum á sýningunni. Og Alcopley hófst handa fullur af sköpunarkrafti og sjá, bráðum verða táknin komin út á hlað.

Alcopley var kvæntur Ninu Tryggvadóttur listmálara. Á sýningunni eru m.a. málverk eftir hann af Ninu og nýtt verk, helgað minningu hennar.


Alcopley er einn þeirra manna, sem hafa haft mótandi áhrif á bandaríska nútímalist. Hann hefur alla tíð unnið að læknisfræði, nú síðast um langt skeið að blóðrannsóknum og er doktor í þeirri grein. Jafnframt hefur hann lagt stund á myndlist og hafa myndir hans þróazt á þeim nær 40 árum sem liðin eru síðan hann fór að mála. Nú síðast gætir austurlenzkra áhrifa í verkum hans.

Alcopley hefur haldið 30 einkasýningar víða um lönd, en sýning hans hér í boði Kjarvalsstaða er þeirra stærst og yfirgripsmest. Margir hafa orðið til að rita um verk hans og brezka sjónvarpið hefur gert mynd um hann, sem væntanlega verður sýnd á Kjarvalsstöðum meðan yfirlitssýningin verður þar.



Mynd af Ninu Tryggvadóttur frá 1948.

Tímamyndir GE



Tuttugu og fimm metra langt glænýtt listaverk Alcopleys. Hreyfing er Alcopley hugstætt viðfangsefni.